

39. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 17. mars 2015, kl. 13:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Hildur Ösp Gylfadóttir formaður, Helgi Jóhannsson, Jónína Magnúsdóttir, Preben Jón Pétursson, Edward Huijbens, Ívan Darri Jónsson fulltrúi nemenda, Þórarinn Hannesson fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

## **Dagskrá**

### **1. Ársskýrsla**

Lögð var fram ársskýrsla MTR fyrir árið 2014, <http://www.mtr.is/static/files/arsskyrslur/a-769-rssky-769-rsla-2014.pdf>. Hún hefur verið send ráðuneyti og birt á vef skólans.

### **2. Starfsmannamál, auglýsingar.**

Skólameistari gerði grein fyrir starfsmannamálum. Allar líkur eru á að þeir starfsmenn sem nú eru, muni halda áfram störfum. Hins vegar verður auglýst eftir náms- og starfsráðgjafa tímabundið.

### **3. Rekstrarniðurstöður 2014**

Inga Eiríksdóttir fjármálastjóri gerði grein fyrir rekstrarniðurstöðu ársins 2014. Rekstur ársins var innan marka líkt og áður.

### **4. Sameining og samstarf framhaldsskóla**

Skólameistari gerði grein fyrir því að menntamálaráðherra hefði hug á sameiningu og samstarfi framhaldsskóla í landinu. Umræður urðu um málið og hvernig það gæti þróast.

### **5. Önnur mál**

#### **5.1**

Jónína Magnúsdóttir þakkaði fyrir jólagjöf sem skólinn sendi nefndarmönnum og vakti athygli á því að skólanum hefði verið hrósað í starfshópi um aðalnámskrá grunnskóla og vísað í skýrsluna um ytra mat á skólanum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:40.